

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Eskifjarðarkaupstað.

1. gr.

Búfjárhald er óheimilt í Eskifjarðarkaupstað, án sérstaks leyfis bæjarstjórnar.

2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. gr. skal senda skriflega umsókn til bæjarstjórnar.

Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru sem máli kann að skipta.

3. gr.

Telji bæjarstjórn að skilyrði séu fyrir hendi skal hún veita leyfið.

Leyfi má veita í ákveðinn tíma eða tiltaka ákveðinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

4. gr.

Búfjáreigendum er heimilt að hafa með sér félag og kjósa því forsvarsmenn er komi fram fyrir þeirra hönd gagnvart bæjaryfirvöldum.

Frá 1. október 1986 er allt búfjárhald stranglega bannað í Eskifjarðarkaupstað, innan inngrits bæjarlands.

Ef maður heldur búfé án heimildar samkvæmt reglugerð þessari skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á opinberu uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifum.

5. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að greitt skuli gjald fyrir veitt leyfi til búfjárhalds. Skuli allir þeir sem búfé eiga við birtingu þessarar reglugerðar, hafa sótt um leyfi í samræmi við ákvæði 2. gr., að tveimur mánuðum liðnum.

6. gr.

Sá sem fær leyfi til búfjárhalds samkvæmt reglugerð þessari, skal hafa búfé í öruggri vörslu og ber hann ábyrgð á öllu því tjóni sem það kann að valda.

7. gr.

Bæjarstjórn skal hafa búfjárhelda girðingu umhverfis íbúðabyggð í Eskifjarðarkaupstað og skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald utan þeirra marka.

8. gr.

Byggingar peningahúsa eru aðeins leyfðar á skipulögðum búfjársvæðum sem bundin eru í aðalskipulagi. Leyfisveiting er háð því að umsækjandi sé félagi í viðkomandi búfjáreigendafélagi, ef slíkt félag er starfandi.

9. gr.

Enginn má halda búfé nema hann hafi yfir það hús sem samræmist kröfum heilbrigðisreglugerðar. Leyfishafi ber ábyrgð á því að hann hafi beutiland handa búfé sínu á sumri og fóður á vetri, svo og allri meðferð búfjárins.

10. gr.

Halda skal skrá yfir leigð lönd. Leitast skal við að taka til greina tillögur þeirra búfjáreigendafélaga, sem starfandi eru um leigu á löndum og miða að því að jafna aðstöðu búfjáreigenda.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Eskifjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 44/1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kaптúnnum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 294 frá 15. maí 1981.

Félagsmálaráðuneytið, 12. nóvember 1985.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Þórhildur Línal.

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Hofsóshreppi.

1. gr.

Tilgangur reglugerðar þessarar er að hafa stjórn og yfirsýn yfir búfjárhald í Hofsóshreppi til þess að koma í veg fyrir að gróðurlendi sé spilt, koma í veg fyrir ágang búfjár á lóðir hreppsúa og gæta þess að hús fyrir búpening og önnur aðstaða sé þrífaleg og í samræmi við vilja sveitarstjórnar á hverjum tíma.

2. gr.

Búfjárhald er óheimilt í Hofsóshreppi án leyfis sveitarstjórnar. Reglugerðin skerðir þó ekki rétt lögbýla innan hreppsmarka til búfjárhalds.

3. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi skv. 2. gr. skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar. Í umsókn skal tilgreina fjölda búfjár og geymslu þess.

4. gr.

Telji sveitarstjórn skilyrði fyrir hendi skal veita leyfi til búfjárhalds og er heimilt að takmarka það við ákveðinn fjölda búfjár. Veitt leyfi til búfjárhalds skuldbindur þó ekki Hofsóshrepp til að sjá leyfishöfum fyrir beitarlendi eða annarri aðstöðu. Leyfi er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Leyfið er háð reglugerð þessari og er uppsegjanlegt með 1 árs fyrirvara miðað við 1. júní. Sé leyfi sagt upp skal allt búfé viðkomandi farið úr landi Hofsóshrepps eigi síðar en 3 mánuðum eftir að uppsögn tekur gildi og má eftir þann tíma selja það á uppboði eða slátra því á kostnað eiganda. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár og gætir þess ekki á fullnægjandi hátt má afturkalla leyfið fyrirvaralaust.